

DEILISKIPULAG HESTAMANNASVÆÐIS

VÍK - MÝRDALSHREPPUR



Greinargerð

09.07.2024





Fyrir Mýrdalshrepp og Hestamannafélagið Sindri

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 07.07.2024

Hér er um heildarendurskoðun á deiliskipulagi að ræða og fellur fyrirliggjandi deiliskipulag úr gildi.



Eyrún Pétursdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Kristín Una Sigurðardóttir

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í skipulags- og umhverfisráði þann xx. xx 2024 og í sveitarstjórn Mýrdalshrepps þann xx. xx 2024.

Tillagan var auglýst frá xx. xxx 2024 með athugasemdafresti til xx. xxxx. 2024.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2024.

Sveitarstjórn

Forsíðumynd fengin að láni frá facebooksíðu Hestamannafélagsins Sindra.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	6
2	FORSENDUR.....	7
2.1	Gróðurfar	7
2.2	Minjar.....	8
2.3	Veðurfar	8
3	DEILISKIPULAG.....	9
3.1	SAMGÖNGUR OG VEGAKERFI.....	9
3.2	REIÐ- OG GÖNGUSTÍGAR	9
3.3	RÝMIS- OG SKJÓLMYNDUN	9
3.4	KEPPNISSVÆÐI	10
3.5	BYGGINGARKILMÁLAR	11
3.5.1	HESTHÚSABYGGÐ (H)	11
3.5.2	REIÐHÖLL (R).....	11
3.5.3	AÐSTÖÐUHÚS	12
3.5.4	DÓMARAHÚS	12
3.6	VEITUR.....	12
3.7	MÆLIBLÖÐ	12
4	Umhverfisáhrif.....	12
5	AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU.....	12
6	HEIMILDASKRÁ	13


1 INNGANGUR

Gerð er heildarendurskoðun á deiliskipulagi hestamannasvæðis í Vík. Við endurskoðun þessa fellur fyrirliggjandi deiliskipulag úr gildi. Heildarendurskoðunin á sér stað þar sem hestamannasvæðið í heild sinni fær nýja staðsetningu til þess að þrengja ekki að uppbyggingarmöguleikum í þéttbýlinu.

Skipulagið er unnið með Mýrdalshreppi og Hestamannafélaginu Sindra en félagssvæði þess er allur Mýrdalshreppur. Markmið með deiliskipulagi þessu er að byggja upp og skapa góðu aðstöðu til framtíðar fyrir hestamennsku í Mýrdalshreppi. Hestamannasvæðið mun koma í staðinn fyrir núverandi eldra hesthúsasvæði. Nýja hestamannasvæðið er staðset austan megin við varnargarðinn austast í Vík. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir hesthúsabyggð, keppnissvæði og reiðhöll. Leitast er við að byggðin verði heildstæð og falli vel að umhverfinu.

Gerð hefur verið óveruleg breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps og er þessi deiliskipulagsbreyting í samræmi við hana. Þar eru skipulagsfletir færðir til. Íþróttasvæði Íþ2 er fært austar þar sem áður var opioð svæði (OP8) og þar sem Íþ2 var áður verður nú OP8.

Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.



Mynd 1. Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033, reitur Íþ2 er staðsetning deiliskipulagssvæðið.

2 FORSENDUR

2.1 Gróðurfar

Svæðið er mjög flatlent og staðsett á uppgrónum sandi sem á tímabili var nýtt sem tún. (sjá mynd 2).



Mynd 2. Loftmynd af skipulagssvæðinu (Loftmyndir ehf.)


2.2 Minjar

Allar fornleifar, hús og mannvirki, 100 ára og eldri eru friðaðar og er óheimilt að hagga við þeim án leyfis Minjastofnunar Íslands. Um friðlýstar minjar gilda strangari verndarákvæði og flokkast þær sem þjóðminjar. Fyrir liggur skráning fornminja í þéttbýlinu Vík frá 2004 (Katrín Gunnarsdóttir) en engar þekktar minjar eru innan deiliskipulagssvæðisins. Skv. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (nr. 80/2012) segir : *Eftorninjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

2.3 Veðurfar

Í Mýrdalshreppi fara veðurathuganir fram á Vatnskarðshólum. Reglulegar veðurathuganir hófust í Mýrdalshreppi árið 1925 í Vík og 1978 á Vatnsskarðshólum en í september 2007 var veðurfarsstöðinni í Vík í Mýrdal breytt í skeytastöð. Vegagerðin hefur rekið sjálfvirka veðurstöð á Mýrdalssandi frá 1995 og norðan Reynisfjalls frá árinu 2009. Vík er, ásamt Vestmannaeyjakaupstað, hlýjasta veðurstöð landsins árið í heild. Ívið hlýrra er hins vegar í Vík en í Vestmannaeyjum á sumrin, en kaldara á veturna. Mjög úrkamusamt er í Vík. Ársmeðalúrkoman var 2333 mm á árunum 1971 til 2000. Meðalhití í júlí á árunum 2010-2019 var 11,3° og 2,3° í desember, en 6,1° yfir árið.

Ríkjandi vindáttir á svæðinu eru norðaustlægar sem er einnig mesta rigningaráttin. Á mynd 3 er vindatlas sem sýnir vindáttir í Vík í Mýrdal sem er einnig mesta rigningaráttin. Deiliskipulagið leggur áherslu að mynda skjól fyrir ríkjandi vindáttum.



Mynd 3. Vindatlas (Heimild: <http://vindatlas.vedur.is>).

3 DEILISKIPULAG

Deiliskipulagið tekur til nýs hesthúsasvæðis fyrir átta hesthús, keppnissvæðis og reiðhallar. Skipulagssvæðið er tæpir 9,6 ha.

3.1 SAMGÖNGUR OG VEGAKERFI

Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi 1 og frá malarvegi sem liggur undir Víkurhömrum. Nýir vegir verða lagðir innan skipulagssvæðisins að hesthúsum og keppnissvæði.

Bílastæði: Gert er ráð fyrir um 24 stæðum við keppnissvæðið ásamt 56 álagsstæðum á grasfleti. Vestan við reiðhöllina er gert ráð fyrir allt að 16 kerrustæðum og 4 kerrustæðum austan við hana. Við hvert hesthús eru allt að 4 bílastæði.

3.2 REIÐ- OG GÖNGUSTÍGAR

Sýndir eru reið- og göngustígur sem tengja deiliskipulagssvæðið saman og reiðstígur sem heldur áfram út fyrir svæðið. Breidd reiðstíga er 4 m. Reiðstígur verði með frostfríu undirlagi og með lausu malarefni á yfirborði. Við hönnun reiðstíga skal taka mið af leiðbeiningariti Vegagerðarinnar og Landsambands Hestamannafélaga „Reiðvegir-, gerð og uppbygging“.

3.3 RÝMIS- OG SKJÓLMYNDUN

Lögð er áhersla á að skapað verði skjólgott svæði með skjóli frá ríkjandi vindáttum og rýmið verði aðlaðandi. Mön er umhverfis keppnissvæðið en byggja á fyrst upp norður og austur hluta manar til þess að mynda skjól og setbrekku fyrir áhorfendur. Halli í setbrekkum skal miðast við að vera 1:3 og að það verði stallur á milli bílastæðis og göngustígur, sjá mynd 4. Á skipulagsuppdrætti er gróður sýndur til skýringar en æskilegt er að plantað verði og sett upp skjólbelti til þess að mynda skjól.



Mynd 4. Snið í gegnum bílastæði og mön fyrir áhorfendur við keppnissvæði.


Áhorfendasvæði: Útbúið verður áhorfandasvæði norðan við skeiðvöllinn. Hæðarmunur frá brekkurótum og í topp eru 2 m. Í brekkunni verður aðstöðuhús.

Mön við þjóðveg verður gerð í samræmi við Vegagerðina og er lega hennar á uppdrætti sýnd til skýringar. Reiknað með að hámarks hæð manar verði um 2 m. Hæð manarinnar við þjóðveg skal ekki vera meiri en svo að þegar lína er dregin frá vegkanti að efstu brúnar manar verði hallinn ekki meiri en 1:6.

3.4 KEPPNISSVÆÐI

Innan keppnissvæðisins er skilgreindur skeiðvöllur, áhorfendasvæði, aðstöðuhús (þ) og dómarahús.

Skeiðvöllurinn verður skv. stöðlum FIPO 2014, sjá mynd 5 með 300 m keppnisbraut.



Mynd 5. Hringvöllur, 6 m breiður, skv. stöðlum FIPO 2014.

3.5 BYGGINGARSKILMÁLAR

Til að skapa heildstætt yfirbragð á hverfinu skal samræma efnis og litarval bygginga og er það háð samþykki skipulags- og umhverfisráðs.

3.5.1 HESTHÚSABYGGÐ (H)

Skilgreindir eru átta 780 m² lóðir fyrir hesthús og hestagerði. Einn byggingarreitur er innan hverrar lóðar. Byggingarefni húsa, gerð og burðarþol skal vera í samræmi við kafla 8.2 í byggingarreglugerð (112/2012). Leyfilegt er að skipta hesthúsínu niður í tvö hesthús.

Skilmálar

- Grunnflötur húsa skal vera 135- 180m².
- Veghæð skal vera 3,2 m og hámarkshæð í mæni er 5,5m.
- Breidd húsa skal vera 9 m.
- Heimilt er að nýta rými í risi fyrir kaffistofu.
- Þak skal vera tvíhalla.
- Bundin byggingarlína að götu.

Við hvert hesthús skal vera hestagerði girt hestheldri girðingu úr viðurkenndum efnum sem eru nægjanlega sterk til að halda hestum innan girðingar. Stærð gerða er um 330 m² og yfirborðsefni þeirra skal vera malarefni sem drenast vel og hafa nægjanlegum vatnshalla. Hestagerði skulu vera í samræmi við drög að mannvirkjahandbók sem gefin er út af LHÍ sem og reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 160/2006. Frágangur lóða og lóðarmarka er háður samþykki Mýrdalshrepps og staðsetning hestagerðis skal taka mið af því.

Önnur mannvirki en hestagerði er óheimilt að reisa á lóð utan byggingarreits, nema þá spónageymslu. Gera skal grein fyrir staðsetning og efnisnotkun á spónageymslu á teikningum.

Hauggeymsla (taðþró) skal vera við hvert hesthús sem þarf að vera í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri en þar segir um söfnun, geymslu og notkun áburðar; Við gripahús, þ.m.t. *loðdýra-, svína- og alifuglabú, skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörðin getur tekið við honum eða taka a. m. k. sex mánaða haug.*

3.5.2 REIÐHÖLL (R)

Innan byggingarreits R eru eftirfarandi skilmálar settir til að skapa heildstætt yfirbragð á hverfinu.

Skilmálar

- Mesta hæð í mæni 8,5m
- Hámarksstærð húss 25x56 m

- Lágmarksstærð húss 16x40 m

3.5.3 AÐSTÖÐUHÚS

Aðstöðuhús upp á mön fyrir ofan áhorfendabrekku.

Hús á einni hæð með salernum, lítilli verslun og dómaraaðstöðu.

- Hámarkstærð 75 m².
- 1 hæð.

3.5.4 DÓMARAHÚS

Lítill hús sem er ætluð fyrir dómara, með stórum gluggum sem snúa að skeiðvelli.

- Hámarkstærð 15 m².
- 1 hæð
- Tréhús.

3.6 VEITUR

Hverfið er innan þéttbýlisins á Vík og tengist svæðið neysluvatnslögnum innan þéttbýlisins. Það sama á við um fráveituna hún verður tengd fráveitukerfi Víkur.

3.7 MÆLIBLÖÐ

Á mæliblöðum skal sýna lóðamörk, stærðir lóða, byggingarreiti. Allir hlutar byggingarinnar skulu standa innan byggingarreits.

4 Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif deiliskipulagsins eru óveruleg. Deiliskipulagið er við jaðar þéttbýlisins í Vík og er þegar raskað land. Sjónræn áhrif verða lítil þar sem um lágreista byggð og landmótun er að ræða.

Mænishæð hesthúsa er 5,5m og jarðvegsmanir til afmörkunar á skeiðvelli er um 2m. Vegna fjarlægðar frá byggð eru lyktaráhrif óveruleg. Að færa hesthúsasvæðið austar hefur auk þess jákvæð áhrif á uppbryggingu og þróunarmöguleika fyrir þéttbýlið Vík þar sem meira pláss skapast fyrir uppbryggingu.

5 AFGREIÐSLA EFTIR AUGLÝSINGU

Breytingar sem gerðar voru á deiliskipulagstillöggunni eftir auglýsingu eru eftirfarandi.....

6 HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028.

Katrín Gunnarsdóttir. 2004. Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal - Norður-Vík/Suður-Vík. Húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík. Vík í Mýrdal; Mýrdalshreppur.

Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.

Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 160/2006.

Reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri nr. 804/1999.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Veðurstofa Íslands <https://vindatlas.vedur.is/>

Veðurstofa Íslands, <https://www.vedur.is/vedur/frodleikur/greinar/nr/1035>

Veðurstöð 6045 Vatnskarðshólar. Upplýsingar um veðurfar. Veðurstofa Íslands.
brunnur.vedur.is/pub/vedurfarsgogn/yfirlit/6045_Vatnsskar%c3%b0sh%c3%b3lar_2010_2019.pdf